

Starfsáætlun Brúarásskóla skólaárið 2025-2026

Stjórnskipulag skólans

Skólastjóri ber ábyrgð á öllu starfi grunn- og leikskólans í Brúarási en hann felur deildarstjóra leiksskóla, verkefnastjóra sérkennslu, kennurum og öðru starfsfólki þá ábyrgð. Skólastjóri er því nokkurskonar verkstjóri sem leitast við að tryggja að hæfileikar og kraftar starfsmannahópsins nýtist sem best í þágu skólastarfsins í Brúarási.

Skipurit Brúarásskóla



starfsfólk skólans

Agnieszka Eva Sosnowska

Kennari

Alda Björg Lárusdóttir

Verkefnastjóri sérkennslu og tengiliður farsældar

Ásgrímur Ingi Arngrímsson

Skólastjóri

Birgitta Rós Laxdal Birgisdóttir

Stuðningsfulltrúi

Brynhildur Einarsdóttir

Matráður

Elín Sigríður Arnórsdóttir

Kennari

Halldóra Hildur Eypórsdóttir

Skólaliði/húsvörður

Helga Rún Steinarsdóttir

Kennari

Jarprúður Ragna Jóhannsdóttir

Deildarstjóri leiksskóla

Kristín Högnadóttir

Umsjónarkennari

Steinunn Snædal

Stuðningsfulltrúi/skólaliði

Þórey Birna Jónsdóttir (í leyfi)

Verkefnastjóri sérkennslu

Þórey Eiríksdóttir

Umsjónarkennari og staðgengill skólastjóra

Skólahjúkrun

Skólaheilsugæslan er hluti af starfsemi heilsugæslunnar skv. lögum, reglugerðum og tilmælum sem um hana gilda. Í henni felast skimanir, bólusetningar, heilbrigðisfræðsla, heilsuefling og forvarnarfræðsla, ásamt ráðgjöf til nemenda, fjölskyldna þeirra og starfsfólks skólans. Tilgangur skólaheilsugæslu er að fylgjast með heilsu, þroska, líðan og högun barna á grunnskólaaldri og efla heilbrigði

þeirra, líkamlegt, andlegt og félagslegt. Mikilvægt er að foreldrar hafi samband við skólahjúkrunarfræðing um/varðandi lyfjagjafir barnsins ef gefa á þau í skólanum. Starfsfólk heilsugæslu vinnur í náinni samvinnu við foreldra/forráðamenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda með velferða þeirra að leiðarljósi. Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál.

Forvarnarfræðsla fer bæði fram í einstaklingsviðtölum og í bekkjarkennslu. Byggist hún að mestu leiti á hugmyndafræði heilsuvera.is. Þar má finna fræðsluefnin sem áður voru á 6h.is (hollusta, hvíld, hreyfing, hreinlæti, hamingja, hugrekki og kynheilbrigði). Auk hennar er reynt að verða við óskum foreldra/kennara um annars konar fræðslu ef óskað er. Skólaheilsugæslan hvetur foreldra til að vera vakandi yfir líðan barna sinna, spyrja þau reglulega um líðan þeirra, hrósa þeim og hvetja á jákvæðan hátt.

Björg Eypórsdóttir er skólahjúkrunarfræðingur Brúarásskóla. Hún kemur reglulega í skólann og sinnir lögbundnum verkefnum skólahjúkrunarfræðings. Hún aðstoðar enn fremur skólastjóra, tengilið farsældar og kennara í hverju því sem upp kann að koma í skólastarfinu og tengist heilbrigði nemenda á einhvern hátt.

Austurlandslíkanið

ALL er skammstöfun fyrir þverfaglegt samstarf félagsþjónustu, heilsugæslu og skóla á Austurlandi og þá nánar tiltekið í Múlaþingi. Markmið ALL er að samræma þjónustu við nemendur sem þurfa á aðstoð að halda og vera stuðningur við foreldra og við starfsfólk skóla sem vinna með viðkomandi nemendur. Teymið er skipað sérfræðingum Félagsþjónustu Múlaþings sem vinna með tengilið farsældar í Brúarási að málefnum þeirra nemenda sem þurfa á aðstoð að halda. Liður í starfi ALL teymisins eru fundir með nemendum og fjölskyldum þeirra á skólatíma og tengiliður farsældar og/eða umsjónarkennari sitja þá fundi einnig.

Skóladagatal 2025-2026

Hér að neðan gefur að líta skóladagatal næsta skólaárs. Það hefur verið samþykkt á starfsmannafundi í Brúarási, á skólaráðsfundi Brúarásskóla og af Fjölskylduráði

Múlapingis. Á dagatalinu má finna upplýsingar um lengd jólaleyfis, páskaleyfis og annarra vetrarleyfa. Þeir dagar sem eru með skertri viðveru eru auðkenndir sérstaklega auk allra starfsdaga skólaársins.

Samband íslenskra sveitarfélaga

Skólalagatal 2025 - 2026

Starfsdagur
Starfur dagur
Íri dagur
Vopndagur

Nafn skóla: **Brúarásskóli**

Sumartíli starfsfólka er frá 20. júní til 31. júlí

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ
1 F	1 M	1 M	1 L	1 M	1 F	1 S	1 S	1 M	1 F	1 M
2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 Þ	2 F	2 M	2 M	2 F	2 L	2 Þ
3 S	3 M	3 F	3 M	3 M	3 L	3 Þ	3 Þ	3 F	3 S	3 M
4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F
5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F	5 M	5 F	5 F	5 S	5 Þ	5 F
6 M	6 L	6 M	6 F	6 L	6 Þ	6 M	6 F	6 M	6 M	6 L
7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 Þ	7 M	7 L	7 L	7 Þ	7 F	7 S
8 M	8 M	8 M	8 L	8 M	8 F	8 S	8 S	8 M	8 M	8 M
9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ	9 F	9 M	9 M	9 F	9 L	9 Þ
10 S	10 M	10 F	10 M	10 M	10 L	10 Þ	10 Þ	10 F	10 S	10 M
11 M	11 F	11 F	11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F
12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F	12 M	12 F	12 F	12 S	12 Þ	12 F
13 M	13 L	13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F	13 F	13 M	13 M	13 L
14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 L	14 L	14 Þ	14 F	14 S
15 F	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F	15 S	15 S	15 M	15 F	15 M
16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ	16 F	16 M	16 M	16 L	16 Þ	16 F
17 S	17 M	17 F	17 M	17 M	17 L	17 Þ	17 Þ	17 F	17 S	17 M
18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F
19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 F	19 M	19 F	19 F	19 S	19 Þ	19 F
20 M	20 L	20 M	20 F	20 L	20 Þ	20 F	20 F	20 M	20 M	20 L
21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 L	21 L	21 Þ	21 F	21 S
22 F	22 M	22 L	22 M	22 M	22 F	22 S	22 S	22 M	22 F	22 M
23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ	23 F	23 M	23 M	23 F	23 L	23 Þ
24 S	24 M	24 F	24 M	24 M	24 L	24 Þ	24 Þ	24 F	24 S	24 M
25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 M	25 L	25 M	25 F
26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F	26 M	26 F	26 F	26 S	26 Þ	26 F
27 M	27 L	27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 M	27 M	27 L	27 M	27 L
28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 L	28 L	28 Þ	28 F	28 S
29 F	29 M	29 M	29 L	29 M	29 F	29 S	29 S	29 M	29 F	29 M
30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ	30 F	30 M	30 M	30 L	30 Þ	30 F
31 S	31 F	31 M	31 M	31 M	31 L	31 Þ	31 Þ	31 F	31 S	31 M

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu 180 lögbundnir skólalagardagur nemenda vera á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfsfólka nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólasjórn í samráði við kennara og með hlífðun af kjarasamningnum. Starfsdagar kennara utan starfsfólka nemenda eru 8. Gulir dagar á skólalagatali eru starfsdagar, ekki skólastarf fyrir nemendur. Bláir dagar á skólalagatali eru skertir dagar, þá er skólalagur strýttur fyrir nemendum en stundaskrá segir til um. Dagar með fjólubláum ítri á skólalagatali eru uppbrotisdagar. Þá er skólastarf óhefandi en viðvera nemenda í skóla nokkurn veginn í samræmi við stundaskrá. Grænir dagar eru tvöfaldir dagar þar sem síðari dagurinn telst skertur.

Starfsáætlun nemenda er í samræmi við þetta skólalagatal. Helstu viðburðir skólaársins tengjast uppbroti í skólalagatalinu og þar ber fyrst að nefna Haustferð sem áætluð er fimmtudaginn 4. september. Sú hefð hefur skapast að fara með nemendum á miðstigi og unglingastigi í talsvert langa gönguferð í haustferðinni og gista yfir nótt í skála eða á öðrum sambærilegum gistað. Á föstudegi 5. september er svo annar göngudagur og yfirleitt komið heim með rútu uppúr hádegi.

Miðvikudaginn 15. október er kominn að öðrum uppbrotsdegi á skólaárinu en þá er blásið til svokallaðra Brúarásleika. Þá er markmiðið að fá alla foreldra með nemendum í leiki og léttu keppni og nýta þannig frábæra íþróttastöðu skólans til að hrista saman hóp nemenda, foreldra og jafnvel starfsfólks líka. Þetta er að

verða fjögurra ára gömul hefð hér í skólanum og það er vilji innan skólasamfélagsins til að halda áfram að hlúa að henni.

Á litlu jólunum þann 19. desember næstkomandi höldum við stofujól að morgni og svo njótum við nemendur og starfsfólk veislumatar saman í hádeginu. Auk þess er venjulega bókabíngó og spurningakeppni nemenda áður en foreldrar koma og njóta leikinnar og sunginnar dagskrá í sal. Að því loknu er dansað í kringum jólatré áður en heim er farið.

Öskudagsskemmtun á sér langa hefð í Brúarásskóla og að þessu sinni ber öskudagur upp á miðvikudaginn 18. febrúar. Þann dag eru nemendur og starfsmenn hvattir til að koma í öskudagsbúningum og að loknum leikjum og skemmtun í salnum er kötturinn sleginn úr tunnunni þar áður en nemendur fara í fyrra falli úr skólanum því hefð er fyrir því að þeir sem vilja fara og syngja inni á Egilsstöðum og í Fellabæ þennan dag.

Skíðaferð er á dagskrá á skóladagatali einu sinni hvert skólaár. Þá fara allir nemendur skólans saman og verja einum skóladegi í Stafdal. Lagt er af stað kl. 9:00 og koma nemendur aftur í Brúarás um kl. 15:00. Skíðaferðin er á dagskrá fimmtudaginn 5. febrúar á komandi skólaári.

Hápunktur skólaársins hér í Brúarásskóla er á hverju ári árshátíðin okkar sem að þessu sinni fer fram föstudaginn 6. mars. Þar er um að ræða risavaxið samvinnuverkefni grunnskólans í Brúarási og Tónlistarskóla Norður-Héraðs sem starfa hér hlið við hlið í mikilli nánd. Fyrri part vetrar hefst undirbúningur árshátíðarinnar með því að skoða hvaða tónlist verður lögð til grundvallar árshátíðinni það árið. Undanfarin ár hefur það svo verið hlutskipti Ingunnar Snædal skálds og fyrrverandi kennara hér við skólann að skrifa leikrit í kringum tónlistina og koma svo og leiksstýra krökkunum síðustu tvær skólavikurnar fyrir frumsýningu. Á hverju ári mörg undanfarin ár hefur verið unnið þrekvirki við að koma upp mjög metnaðarfullum árshátíðarsýningum hér í Brúarási og það ríkir mikil eftirvænting meðal nemenda fyrir verkefninu ár hvert. Starfsfólk hefur hingað til verið tilbúið að leggja mikið á sig til að láta þetta verða að veruleika enda er álítur flest starfsfólk hér að þetta skili miklum þroska og auknu sjálfstrausti hjá nemendum.

Á vorin höldum við í þá hefð að síðustu dagar skólaársins eru teknir í svokölluð vorverk þar sem kennarar leitast við að nýta útinám sem mest og talsvert er hugað að því að snyrta og laga til í okkar nánasta umhverfi hér við skólann.

Vorferð nemenda er ætíð farin síðasta dag fyrir skólaslit og á næsta skólaári verður ferðin þann 4. júní. Vorferðirnar eru ætíð fræðslu og skemmtiferðir og eru skipulagðar þannig að á hverju ári er farið á einhvern stað hér austanlands og reynt að skoða sem flest merkilegt þar tengt náttúru, sögu og menningu.

Foreldraviðtöl

Gert er ráð fyrir að foreldrar mæti með nemendum fyrsta skóladaginn að hausti enda heitir sá dagur Foreldradagur á skóladagatali og er á komandi skólaári þann 22. ágúst. Foreldraviðtöl eru svo tvisvar sinnum yfir veturinn. Í fyrra skiptið þriðjudaginn 4. nóvember og í seinna skiptið þriðjudaginn 10. mars. Undanfarin ár höfum við verið að prófa okkur áfram með nemendastýrð viðtöl að hluta til á þessum dögum sem hefur gefið góða raun. Það er í anda leiðsagnarnáms og til þess fallið að auka ábyrgð nemenda á eigin námi.

Skólaráð

Skólaráð fundar eins oft og þurfa þykir í Brúarási og ekki sjaldnar en tvisvar á ári. Ráðið getur fjallað um allt sem viðkemur skólastarfinu og fundir geta verið að frumkvæði hvers sem á sæti í ráðinu. Í skólaráði Brúarásskóla eiga eftirtaldir sæti.

Ásgrímur Ingi Arngrímsson skólastjóri
Þórey Eiríksdóttir, fulltrúi kennara

Elín Sigríður Arnórsdóttir, fulltrúi kennara
Brynhildur Einarsdóttir, fulltrúi almennra starfsmanna
Jón Björgvin Vilhjálmsson, fulltrúi foreldra
Sigurlaug Jónína Ölöf Þorsteinsdóttir, fulltrúi foreldra
Jón Steinar Elisson, fulltrúi grenndarsamfélagsins

Klara Elísabet Ragnarsdóttir, fulltrúi nemenda
Árni Elís Helgason, fulltrúi nemenda

Nemendaráð

Nemendur kjósa sér fulltrúa í nemendaráð á hverju hausti en 5 nemendur eiga sæti í ráðinu. Ráðið hefur það hlutverk að styðja við og standa fyrir skemmtilegum uppákomum innan skólaársins. Tilgangurinn er að efla félagsanda meðal nemenda og stuðla að jákvæðum samskiptum og að efla vináttu og samkennd.

Umsjónarkennari elsta hópsins heldur utan um starf nemendaráðsins og skólustjóri styður við starf ráðsins eins og frekast er kostur. Starfsfólkið hefur undanfarin ár reynt að efla frumkvæði nemendaráðs og hvatt nemendur til að koma fram með hugmyndir að skemmtilegum verkefnum sem við höfum svo hjálpað þeim við að hrinda í framkvæmd. Engu að síður er veigamikill hluti af starfi nemendaráðs að skipuleggja og hjálpa til með fasta viðburði og þá er reynt að virkja hugmyndir nemendaráðs við nánari útfærslu á fyrir fram ákveðnu uppbroti í skólastarfinu. Það er eðlilegt að starf nemendaráðs beinist að viðfangsefnum sem eru vinsæl meðal nemenda og undanfarna vetur hafa til að mynda verið skipulögð lítil íþróttamót innan skólans í þeim íþróttum sem njóta einna mestra vinsælda það og það árið.

Nemendaráðið sem starfaði síðastliðinn vetur við Brúarásskóla stóð sig afskaplega vel en í haust verður svo kosið í nýtt slíkt. Við vonum að nemendur sem koma inn í ráðið í haust hafi smitast af þeim metnaði sem nemendaráðið sýndi í vetur. Í ráðinu voru á skólaárinu 2024-2025 voru eftirtaldir nemendur.

Tímon Oliver Bogalecki 10. bekk

Sigbjörn Viktor Jóhannsson 10. bekk

Maren Cara Björt Ragnarsdóttir 9. bekk

Heiðdís Jökla Jónsdóttir 8. bekk

Snærós Arna Daðadóttir 7. Bekk

Foreldrafélag Brúarásskóla

Foreldrafélag skólans kemur að skólastarfinu með ýmsum hætti. Alveg þangað til síðastliðið haust rak foreldrafélagið mötuneyti skólans þ.e.a.s. greiddi fyrir alla matvöru og innheimti fæðisgjald. Þegar teknar voru upp ókeypis skólamáltíðir síðastliðið haust færðust innkaupin eðlilega yfir á skólann sjálfan og innheimta á ávaxtagjaldi og skólamáltíðum til starfsfólks færðist sömuleiðis til sveitarfélagsins. Foreldrafélagið heldur utan um ferðasjóð nemenda í samráði við skólastjóra og stendur fyrir ýmsum fjáröflunum í nafni félagsins.

Stjórn Foreldrafélags Brúarásskóla frá mars 2025 skipa:

Jón Björgvin Vernharðsson

Sigurlaug Jónína Ólöf Þorsteinsdóttir

Agnar Benediktsson

Skólareglur Brúarásskóla

Reglurnar sem hér má sjá að neðan voru endurskoðaðar árið 2023 þegar ákveðið var að Brúarásskóli yrði símalaus skóli.

Námið

Við mætum stundvíslega, vel undirbúin með þau gögn sem nota skal. Við vinnum eins vel og við getum. Brúarásskóli er símalaus skóli.

Samskipti

Skólinn er vinnustaður okkar allra, hver nemandi og starfsmaður á rétt á því að fá frið við leik og störf. Samskipti skulu einkennast af gagnkvæmri virðingu og vinsemd.

Heilbrigði

Við tileinkum okkur hollar lífsvenjur. Við komum í klæðnaði sem hentar veðurfari í

hvert sinn. Neysla sælgætis og gosdrykkja er óheimil á skólatíma, nema í undantekningartilvikum. Við virðum landslög og notum alltaf hjálma og belti þegar við á.

Ábyrgð

Við berum ábyrgð á eigin framkomu. Skólinn ber ekki ábyrgð á persónulegum verðmætum, sem komið er með í skólann. Óheimilt er að koma með í skólann þau tæki og tól sem geta valdið skaða.

Umgengni

Við göngum vel um og berum virðingu fyrir eignum skólans og hvers annars. Við röðum skóm, göngum frá útifatnaði og hirðum vel um námsbækur og önnur gögn. Nemendur yfirgefa ekki skólalóðina á skólatíma án leyfis.

Ferðir

Í skólabifreiðum, ferðalögum og á skemmtunum á vegum skólans eru allar reglur skólans í fullu gildi, nema annað sé tekið fram.

Vinnureglur við brot á skólareglum

Ef brot nemandans er minniháttar er unnið út frá fyrsta lið. Ef brotið er alvarlegt er unnið út frá þeim lið sem talinn er hæfa brotinu. Á öllum stigum málsins er meðferð þess skráð í Mentor.

1. Viðkomandi kennari eða starfsmaður ræðir við nemanda einslega. Nemanda gefst tækifæri til að bæta fyrir brot án frekari beitingar viðurlaga. Atburður skráður í Mentor.
2. Breyti nemandi ekki hegðun sinni er umsjónarkennari/skólastjóri látinn vita og hann gerir nemandanum grein fyrir alvarleika málsins. Ef um ofbeldi eða ógnandi hegðun er að ræða fer nemandi í einveru hjá skólastjóra. Atburðurinn skráður í Mentor og haft samband heim.

3. Náist ekki árangur boðar umsjónarkennari/skólastjóri nemanda og forráðamenn hans á fund um málið. Niðurstöður fundarins skráðar og allir viðstaddir kvitta undir. Umsjónarkennari skráir í Mentor.
4. Skólastjóri vinnur með málið og kynnir það nemendaverndarráði (skólastjóri, sálfræðingur, verkefnastjóri sérkennslu, fulltrúi félagsþjónustunnar og skólahjúkrunarfræðingur).
5. Ef ekki tekst að finna lausn á vanda nemandans og ef hegðun hans kemur í veg fyrir eðlilegt skólastarf getur skólastjóri vísað nemanda úr skóla tímabundið, meðan lausn er fundin (*Lög um grunnskóla nr. 91/2008, 14. grein*). Skólastjóri vísar málinu til fræðslufirvalda.

Tilhögun kennslu

Kennslufræðilegt flaggskip Brúarásskóla eru Brúarverkefnin svokölluðu. Allt skólaárið er skipulagt út þriggja til fjögurra vikna löngum þemaverkefnum þar sem ákveðin viðfangsefni eru tekin fyrir og námsgreinar samþættar í vinnunni eins og frekast er unnt. Hugmyndin að baki Brúarverkefninu var fyrst og fremst að skapa nemendum fjölbreytt tækifæri til að fást við heildstæð, samþætt viðfangsefni. Frjáls verkefni eru hluti af áætlun hvers skólaárs en þá gefst nemendum á mið- og unglíngastigi tækifæri á að velja sér viðfangsefni til að taka fyrir og kynna fyrir skólafélögum og kennurum. Val viðfangsefna er sjálfsögðu háð samþykki umsjónarkennara í hvert og eitt skipti. Í upphafi þegar verkefninu „Brúin „ var hleypt af stokkunum skólaárið 2015-2016 var markmiðið að auka val nemenda, sjálfstæði og ábyrgð. Þetta rímar mjög vel við áherslur leiðsagnarnáms sem allir skólar í Múlaþingi vinna nú eftir í kjölfar innleiðingar sem lauk síðastliðið vor og var í umsjón kennara í kennslufræði við Háskólann á Akureyri. Heitið „Brúin“ vísar til staðarins og nálæðinnar við brýrnar yfir Jökulsá á Brú. Brúin tengir saman námsgreinar, aldur og það að við lærum sjálf með því að afla okkur upplýsinga og miðla þeim síðan áfram. Dæmi um fjölbreytt „Brúarverkefni“ undanfarin ár eru Ásatrú, íslenskar hljómsveitir, Norðurlönd, gróðurhús og býflugur, fossar, vetrarbrautin, eldgos, jarðskjálftar og hraun, Landnáma og Íslendingasögur og mannréttindi og lýðræði svo eitthvað sé nefnt. Á starfsdögum að vori leggja kennarar grunninn að Brúarverkefnum næsta skólaárs. Þá er reynt að velja

viðfangsefni sem eru fjölbreytt og áhugaverð og hugmyndir sóttar sem víðast að m.a. frá nemendum sjálfum.

Stundaskrá nemenda

Skóli hefst kl. 8:55 allt skólaárið og stendur til 14:10 á mánudögum og föstudögum en til 15:00 hina dagana. Stundaskrá nýliðins skólaár má sjá hér að neðan og hún er í öllum aðalatriðum mjög svipuð frá ári til árs. 1.-5. bekkur er með sameiginlega stundaskrá og 6.-8. bekkur og svo 9.-og 10. bekkur. Hópaskiptingin getur aðeins breyst eftir fjölda nemenda í hverjum árgangi fyrir sig. Gunnskipulagið er hins vegar alltaf það sama og frímínútur og matarhlé á sama tíma hjá öllum hópum. Dagurinn byrjar 8:55 á morgunstund hjá öllum hópum og þá er yfirleitt frjáls lestur eða yndislestur auk þess sem nemendur lesa upphátt fyrir kennara eða stuðningsfulltrúa. 20 mínútna langar frímínútur eru á hverjum morgni kl. 10:00. Hádegishlé er 11:40 til 12:10 og síðari frímínútur eru 13:30 til 13:40 þá daga sem skóli stendur til 15:00. Að loknum skóla þessa lengri skóladaga vikunnar er boðið uppá síðdegishressingu áður en nemendur halda til síns heima kl. 15:10.

5/23/25, 2:29 PM

InfoMentor

Brúarásskóli

23.05.2025

2024-2025

1.-5. bekkur - allir

Mánudagur		Þriðjudagur		Miðvikudagur		Fimmtudagur		Föstudagur	
08:55 09:20	SSL 1.-5.b Mrg.st.	08:55 09:20	ESA/SSL 1.-5.b Mrg.st.	08:55 09:20	SSL 1.-5.b Mrg.st.	08:55 09:20	ESA/SSL 1.-5.b Mrg.st.	08:55 09:20	SSL 1.-5.b Mrg.st.
09:20 10:00	ESA/SSL 1.-5.b Brúin	09:20 10:00	ESA/SSL 1.-5.b Brúin	09:20 10:00	SSL 1.-5.b Brúin	09:20 10:00	ESA/SSL 1.-5.b Brúin	09:20 10:00	SSL 1.-5.b Brúin
10:00 10:20	Frí	10:00 10:20	Frí	10:00 10:20	Frí	10:00 10:20	Frí	10:00 10:20	Frí
10:20 11:00	KH 1.-5.b Brúin	10:20 11:00	SSL 1.-5.b Brúin	10:20 11:00	ÞE 1.-5.b Brúin	10:20 11:00	Verk.	10:20 11:00	SSL 1.-5.b Brúin
11:00 11:40	ÁIA Sal Ípr.	11:00 11:40	ÁIA Sal Ípr.	11:00 11:40	SSL 1.-5.b Brúin	11:00 11:40	Verk.	11:00 11:40	ÁIA Sal Ípr.
11:40 12:10	Mat	11:40 12:10	Mat	11:40 12:10	Mat	11:40 12:10	Mat	11:40 12:10	Mat
12:10 12:50	SSL 1.-5.b Brúin	12:10 12:50	SSL 1.-5.b Brúin	12:10 12:50	SSL 1.-5.b Brúin	12:10 12:50	ESA/ÞE Smí heismí	12:10 12:50	ÞE 1.-5.b Brúin
12:50 13:30	AES Myn Mynd.	12:50 13:30	SSL 1.-5.b Brúin	13:00 13:40	ÁIA Laug 4-5sund	12:50 13:30	ESA/ÞE Smí heismí	12:50 13:30	ÞE Sal Da/Sö
13:30 14:10	AES Myn Mynd.	13:30 13:40	Frí			13:30 13:40	Frí	13:30 14:10	SSL 1.-5.b Brúin
		13:40 14:40	AES 1.-5.b Brú/frí			13:40 14:40	SSL 1.-5.b Brú/frí		
		14:40 15:00	SSL 1.-5.b Lo.st.	15:00 15:10	Kaffi	14:40 15:00	SSL 1.-5.b Lo.st.		
		15:00 15:10	Kaffi			15:00 15:10	Kaffi		

Tímar: 34,13

Brúarásskóli

23.05.2025

2024-2025

6. - 8. bekkur - allir

Mánudagur		Þriðjudagur		Miðvikudagur		Fimmtudagur		Föstudagur	
08:55	ÞE	08:55	ÞE	08:55	ÞE	08:55	ÞE	08:55	ÞE
09:20	Mrg.st.	09:20	Mrg.st.	09:20	Mrg.st.	09:20	Mrg.st.	09:20	Mrg.st.
09:20	ÞE 6.-8.b	09:20	HRS 6.-8.b	09:20	ÞE 6.-8.b	09:20	HRS 6.-8.b	09:20	HRS / ÞE 6.-8.b
10:00	Brúin	10:00	Brúin	10:00	Brúin	10:00	Brúin	10:00	Brúin/viðtöl
10:00	Frí	10:00	Frí	10:00	Frí	10:00	Frí	10:00	Frí
10:20		10:20		10:20		10:20		10:20	
10:20	ÁIA Sal	10:20	AES Myn	10:20	SSL 6.-8.b	10:20	ÞE/AES 6.-8.b	10:20	HRS 6.-8.b
11:00	Íþr.	11:00	Mynd.	11:00	Brúin	11:00	Brúin	11:00	Brúin
11:00	SSL 6.-8.b	11:00	AES Myn	11:00	HRS 6.-8.b	11:00	ÞE/AES 6.-8.b	11:00	SSL 6.-8.b
11:40	Brúin	11:40	Mynd.	11:40	Brúin	11:40	Brúin	11:40	Brúin
11:40	Mat	11:40	Mat	11:40	Mat	11:40	Mat	11:40	Mat
12:10		12:10		12:10		12:10		12:10	
12:10	AES 6.-8.b	12:10	AES/ÁIA	12:10	ÞE 6.-8.b	12:10	KJT/ÁIA	12:10	ÁIA Sal
12:50	Brúin	12:50	V 6-10	12:50	Brúin	12:50	V 6-10	12:50	Íþr.
12:50	ESA/ÞE	12:50	AES/ÁIA	12:50	ÞE 6.-8.b	12:50	KJT/ÁIA	12:50	KH 6.-8.b
13:30	heismí	13:30	V 6-10	13:30	Brúin	13:30	V 6-10	13:30	Brúin
13:30	ESA/ÞE	13:30	Frí	13:30	Frí	13:30	Frí	13:30	KH/ÞE
14:10	heismí	13:40		13:40		13:40		14:10	Da/Sö
		13:40	ÞE 6.-8.b	13:40	ÁIA Laug	13:40	ÞE 6.-8.b		
		14:40	Brúin	14:20	Sund	14:40	Brúin		
		14:40	Lo.st.	14:40	Lo.st.	14:40	Lo.st.		
		15:00		15:00		15:00			

Tímar: 35,63

Brúarásskóli

23.05.2025

2024-2025

9.-10. bekkur allir

Mánudagur		Þriðjudagur		Miðvikudagur		Fimmtudagur		Föstudagur	
08:55 09:20	KH 9-10.b Mrg.st.	08:55 09:20	KH 9-10.b Mrg.st.	08:55 09:20	KH 9-10.b Mrg.st.	08:55 09:20	KH 9-10.b Mrg.st.	08:55 09:20	KH 9-10.b Mrg.st.
09:20 10:00	KH 9-10.b Íþr.	09:20 10:00	AES/KH 9-10.b Brúin	09:20 10:00	HRS/KH 9-10.b Brúin	09:20 10:00	AES/KH 9-10.b Brúin	09:20 10:00	KH 9-10.b Íþr.
10:00 10:20	Frí	10:00 10:20	Frí	10:00 10:20	Frí	10:00 10:20	Frí	10:00 10:20	Frí
10:20 11:00	ÞE/AES Smí Mynd./Smí.	10:20 11:00	HRS/KH 9-10.b Brúin	10:20 11:00	HRS/KH 9-10.b Brúin	10:20 11:00	HRS 9-10.b Brúin	10:20 11:00	ESA/ÞE heismí
11:00 11:40	ÞE/AES Smí Mynd./Smí.	11:00 11:40	HRS/KH 9-10.b Brúin	11:00 11:40	KH/ÁIA 9-10.b Brúsund	11:00 11:40	SSL 9-10.b Brúin	11:00 11:40	ESA/ÞE heismí
11:40 12:10	Mat	11:40 12:10	Mat	11:40 12:10	Mat	11:40 12:10	Mat	11:40 12:10	Mat
12:10 12:50	HRS 9-10.b Brúin	12:10 12:50	AES/ÁIA V 6-10	12:10 12:50	KH/ÁIA 9-10.b Brúsund	12:10 12:50	KJT/ÁIA V 6-10	12:10 12:50	SSL / KH 9-10.b Brúin/viðtöl
12:50 13:30	HRS 9-10.b Brúin	12:50 13:30	AES/ÁIA V 6-10	12:50 13:30	KH/ÁIA 9-10.b Brúsund	12:50 13:30	KJT/ÁIA V 6-10	12:50 13:30	SSL 9-10.b Brúin
13:30 14:10	KH 9-10.b Brúin	13:30 13:40	Frí	13:30 13:40	Frí	13:30 13:40	Frí	13:30 14:10	KH/ÞE Da/Sö
		13:40 14:40	KH 9-10.b Brúin	13:40 14:40	KH 9-10.b Brúin	13:40 14:40	AES/KH 9-10.b Brúin		
		14:40 15:00	Lo.st.	14:40 15:00	Lo.st.	14:40 15:00	Lo.st.		
		15:00 15:10	Kaffi	15:00 15:10	Kaffi	15:00 15:10	Kaffi		

Tímar: 36,13

Valgreinar

Valgreinar eru í boði fyrir nemendur í 6.-10. bekk. Nemendur hafa val um þrjár valgreinar á þriðjudögum og þrjár valgreinar á fimmtudögum. Valgreinarnar eru kenndar frá kl. 12:10 til 13:30 þessa daga eða tvær kennslustundir hvorn dag. Hver valgrein er kennd í eina spönn og spannirnar eru fjórar yfir skólaárið. Síðastliðið skólaár voru eftirtaldar valgreinar í boði: Íþróttaval, hreyfival, Legóval, Heklval, Myndlistarval, Stuttmyndaval, Dýraval, Fótboltaval, Cricutval, Blakval, Söngval, Tónlistarval, Leirval, Smíðaval. Sumar af þessum valgreinum stóðu til boða á fleiri en einni spönn en önnur bara á einni spönn. Þessum valgreinum til viðbótar er svo Legóvalið sem allir nemendur í 9.-10. bekk tóku þátt í síðasta vetur. Sú hefð hefur verið við lýði í Brúarásskóla að fara með nemendur á unglingastigi til Reykjavíkur til að keppa í First Lego League sem fram fer þar á hverju hausti. Undanfarin ár hefur Brúarásskóli sent tvö lið til keppni en á þessari stundu er ekki vitað hvort við munum senda eitt eða tvö lið til keppni laugardaginn 8. nóvember 2025. Legóferðin svokallaða er bæði náms- og skemmtiferð og tilgangurinn er

margþættur. Nemendur læra undirstöðuatriði forritunar og þjálfast í margskonar samvinnu við að leysa ýmsar þrautir. Jafnhliða því að forrita róbót til að leysa fyrirfram ákveðnar þrautir þarf hvert lið jafnframt að kynna nýsköpunarverkefni þar sem nemendum er falið að koma með hugmyndir að tæknilegum lausnum á tilteknum áskorunum eins og til dæmis í umhverfismálum. Í gegnum alla þessa vinnu og Legóferðina sjálfa gefst gott tækifæri til að hrista nemendahópinn dálítið saman og styrkja nemendur þannig félagslega. Áfram verður haldið næsta vetur með svipaðar valgreinar á undanfarin ár en skólastjóri og kennarar reyna að vera vakandi fyrir því að brydda uppá nýjum valgreinum inn á milli bæði til að koma til móts við áhuga sem flestra en einnig til að kynna nýja og spennandi hluti fyrir nemendum.

Rýmingaráætlun Brúarásskóla

ELDUR KVIKNAR!

Starfsfólk hefur í heiðri eftirfarandi meginreglur sem gilda í þessari röð ef til eldsvoða kemur:

- LÍFSBJÖRG
- SÆKJA HJÁLP
- SLÖKKVA ELDINN

AÐGERÐIR:

- Brunavarnakerfið fer í gang eða vart verður við eld
- Starfsfólk fer og athugar hvar eldur er. Sá sem verður var við eld brýtur gler í næsta brunaboða.
- Starfsfólk ákveður aðgerðir og skiptir liði
- Starfsfólk kipuleggur rýmingu

- Starfsfólk fer út á hringtorg með nafnalista nemenda og starfsfólks
- Starfsfólk kallar á hjálp
- Starfsfólk reynir að slökkva eldinn

Allir safnast saman á hringtorginu!

- Nemendur fara í sinn umsjónarhóp og umsjónarkennari fer yfir nafnalista. Grænt blað táknað að engan nemanda vanti.

ELDUR KVIKNAR!

Nemendur eru í skólastofum:

- Brunavarnakerfi fer í gang
- Kennari athugar hvað er að gerast
- Nemendur bíða rólegir í stofum á meðan
- Kennari kemur til baka og tilkynnir hvað skal gera
- Kennari telur nemendur áður en farið er úr skólastofunni
- Nemendur fara út á eftir kennara þá leið sem kennarinn ákveður!

Allir safnast saman á hringtorginu!

- Nemendur fara í sinn umsjónarhóp og umsjónarkennari fer yfir nafnalista. Grænt blað táknað að engan nemanda vanti.

ELDUR KVIKNAR!

Ef nemendur eru ekki í skólastofum:

- Brunavarnakerfi fer í gang
- Starfsmenn bera ábyrgð á að fylgja nemendum út öruggustu leið.
- Ef engin starfsmaður er í auglýsýn skulu nemendur fara stystu leið út.
- Koma STRAX á hringtorgið!
- Nemendur fara í sinn umsjónarhóp og umsjónarkennari fer yfir nafnalista. Grænt blað táknað að engan nemanda vanti.

ELDUR KVIKNAR!

Börn í leikskóla

- Brunavarnakerfi fer í gang
- Leikskólakennari 1. fer og athugar hvað er að gerast
- Leikskólakennari 2. bíður rólegur þangað til boð berast
- Leikskólakennarar telja nemendur og taka með sér lista með nöfnum nemenda
- Leikskólakennarar fara með nemendur út á leikskólalóð – og þaðan á hringtorgið.
- Leikskólakennarar gera talningu á nemendum og fara yfir nemendalista. Grænt blað táknað að engan nemanda vanti.

ELDUR KVIKNAR – reglur starfsmanna

Allir þeir sem eru með börnum haldi sig sem næst þeim þar til upplýsingar berast. Best er ef einn kennari fer og athugar stöðu mála en aðrir sinni börnunum.

Mikilvægt er að allir haldi ró sinni.

Athugið að sömu aðilar bera boð um eld eða hvort um villuboð er að ræða!

Starfsfólk rifjar upp sín hlutverk og skipar síðan markvisst, yfirvegað og af öryggi með sér verkum svo ekki sé hætt á að viðbrögð verði fálmkennd, s.s.:

- Hver tilkynnir hverjum og hvar um eldinn, s.s. í eldhús, í skólastofur, leikskóla, í kennarstofu, á göngum?
- Hver sækir nafnalista*, fer með þá að hringtorgi og sér um nafnakall?
- Hver hringir á hjálp? 112
- Öllum skal stefnt á hringtorg!

*Nafnalistar hanga uppi á kennarastofu við hurð og í anddyri leikskóla.

1. Kennarar, sérkennarar og stuðningsfulltrúar halda sig hjá nemendum í skólastofum þar til upplýsingar fást um hvað er að gerast –ef eldur hefur kviknað þá:
 - skipa nemendum strax í skipulega röð
 - leiða hópinn út um næsta mögulega útgang
 - fylgja nemendahópnum á hringtorgið
 - allir bíða rólegir þar eftir nafnakalli og fyrirmælum ef eru.
2. Eldhússtarfsfólk kannar hvort einhver sé í matsal.
 - gerir viðkomandi viðvart og leiðbeinir um og fer sjálf út um næsta mögulega útgang

- fer á hringtorgið
- allir bíða rólegir þar – eftir nafnakalli og frekari fyrirmælum

3. **Skólaliðar og skólastjóri**, kanna hvort einhverjir séu á göngum eða salernum.

Ef eldur kviknar (nemendur t.d. á göngum eða í sal) ber að koma boðum til viðkomandi og senda stystu færðu leið út. Ef brjóta þarf leið – t.d. glugga er nauðsynlegt að reyna að gera slíkt af yfirvegum til þess að valda ekki slysi. Framkvæma skal nafnakall á hringtorgi.

Hægt er að nýta þessa rýmingaráætlun ef svo ólíklega myndi vilja til að eldgos eða jarðskjálftar gerðu vart við sig hér. Ef óveður er í aðsigi eða er skolið á er það alltaf á ábyrgð skólastjóra að taka ákvörðun um hvort aflýsa eigi eða fresta skóla. Ef ákvörðun er tekin um slíkt ber skólastjóra að tilkynna foreldrum það eins fljótt og unnt er. Stöku sinnum gerist það þó að Almannavarnarnefnd Múlaþings tekur ákvörðun um að aflýsa skólahaldi og þá að sjálfsgöðu hefur skólastjóri ekkert um það að segja. Ákvörðun skólastjóra er aldrei tekin án samráðs við skólabílstjóra og í því stóra skólahverfi sem Brúarásskóli þjónar gerist það stöku sinnum að ófært er vegna veðurs eða færðar fyrir einhvern skólabílinn þó annarsstaðar sé veður og færð í góðu lagi. Þá þarf skólastjóri að taka ákvörðun út frá aðstæðum um hvort hægt sé að halda skóla gangandi eður ei.

Starfspróun og símenntun kennara

Tími til starfspróunar markast af samningsbundnum 102 klst. á meðalári til símenntunar og undirbúnings kennara. Starfspróun, sem er hluti af þessum tíma er almennt ætlaður tími utan við skipulagðan starfsramma skólaársins, en einnig er heimilt að koma henni við á starfstíma skóla, eftir nánara samkomulagi.

Starfspróun kennara má skipta í tvo meginþætti:

- Þætti sem eru hluti af stefnu skólans og allir þurfa að tileinka sér.

- Þætti sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að halda sér við í starfi eða bæta við sig nýrri þekkingu sem nýtist í starfi.

Skólastjóri ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum næsta vetrar og/ eða þróunarvinnu næsta vetrar á grundvelli sjálfsmats skólans. Kennurum er skylt að fara á námskeið samkvæmt starfsþróunaráætlun skólans ef hún er gerð samkvæmt ákvæðum kjarasamninga og kennurum að kostnaðarlausu. Starfsþróunaráætlun skal kynnt kennurum. Kennurum ber að gera skólastjóra grein fyrir þeim þáttum í sí- og endurmenntun sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi.

Leiðir til að sinna starfsþróun:

- Námskeið á vegum skólans eða annarra viðurkenndra aðila
- Skipulagðir leshringir og vettvangsheimsóknir
- Stutt námskeið og kynningar á fundartíma kennara
- Umbóta og þróunarverkefni
- Starfendarannsóknir
- Teymisvinna
- Rýnihópar
- Sjálfsnám, lestur, myndbönd o.fl.

Mötuneyti Brúarásskóla

Mötuneytið er rekið af Brúarásskóla og hefur verið það frá haustdögum 2024 þegar tekningar voru upp gjaldfrjálsar skólamáltíðir fyrir grunnskólanemendur í Múlaþingi. Ávaxtagjald er innheimt í upphafi haustannar og svo aftur í upphafi vorannar. Innheimtudeild Múlaþings innheimtir gjaldið en jafnframt innheimtir deildin fæðisgjald starfsfólks og fæðisgjald leiksskólabarna ásamt leiksskólagjöldum. Nemendur 1.- 10. bekkjar ásamt starfsfólki skólans borða hádegismat og nónhressingu saman í matsal skólans. Ávaxtastund fer fram í

heimastofum nemenda. Leikskólinn fær sinn mat sendan niður á leikskólann. Brynhildur Einarsdóttir er matráður í Brúarási og símanúmer mötuneytisins er 8993627.

Viðfangsefni innra mats

Hér að neðan gefur að líta yfirlit yfir þá þætti innra mats sem unnið hefur verið að undanfarið skólaár. Yfirlitið er tekið úr Bravo lesson sem notað er til að halda utan um verkefni innra og ytra mats. Áætlað er að halda þessari vinnu áfram næsta vetur.

Umbótaáætlun 2024-2025



BRÚARÁSSKÓLI

- hver og einn er einstakur

Svið - Nám og kennsla

Umbótapáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Endurskoðuð greinasvið Deild Skólinn Ábyrgð Skólastjóri	Kynning á endurskoðun á greinasviðunum og hvernig innleiðing á að fara fram.	Kynning á endurskoðun á greinasviðunum og hvernig innleiðing á að fara fram.	31/03/2025	. Innra mats teymi, . Skólastjóri	Í vinnslu	Kynning á kennarafundi.	Umræður um hvernig við náum að innleiða endurskoðaða aðalnámskrá vorið 2025.
	Lestur á endurskoðuðum greinasviðum í aðalnámskrá	Gefa kennurum tíma innan 8.14 til að lesa yfir markmið í þeirra fögum.	15/05/2025	Elín Sigríður Arnórsdóttir, . Kennarar, . Skólastjóri	Í vinnslu	Fara yfir það í umræðum á meðal kennara á kennarafundi í maí hvernig staðan er hjá þeim við lestur nýrrar aðalnámskrár.	Skólastjóri heldur utan um hvort kennarar hafi ekki örugglega kynnt sér markmið með aðalnámskrá í sínu fagi.

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
	stýrihópur (allir kennarar) Innleiðingaráætlun	Búinn til stýrihópur (innra mats hópur) sem stýrir innleiðingu við endurskoðuð greinasvið. Nýttur starfsdagur í vor við innleiðingarvinnu. Skilgreindur starfsdagur í haust við innleiðingu.	06/06/2025	. Kennarar, . Skólastjóri	Ekki byrjað	Innleiðingaráætlunin er tilbúin.	Innleiðingaráætlun tilbúin og hún sýnd öllum kennurum.
	Innleiðing vegna endurskoðunar greinasviða	Vor-og haustnámskeið Starfsdagar að hausti	29/08/2025	Elín Sigríður Arnórsdóttir, . Innra mats teymi, . Skólastjóri	Í vinnslu	Skipulag á starfsdögum	Tilbúin áætlun um innleiðingu. Boðið upp á vor-og haustnámskeið. Skipulag á starfsdögum. Tilbúin áætlun um hvernig innleiðingin á að fara fram skólaárið 2025-2026.
Skólamening Deild Skólinn Ábyrgð . Skólastjóri	Ræða við nemendahóp um æskileg samskipti.	Kynna niðurstöðu Skólapúls fyrir nemendum í 6.-10. bekk. Ræða leiðir til umbóta með þeim.	04/06/2025	. Skólastjóri, . Umsjónakennarar	Í vinnslu	Skólastjóri og umsjónarkennarar meta hvernig umræður hafi skilað sér, bæði á starfsdegi 3. janúar 2025 og á starfsdögum 5.-6. júní.	Nemendur tala fallega saman, án F-orða og N-orða. Nemendur hvetja aðra með því að tala fallega við hvern annan og benda öðrum á ef tal þeirra virkar lítilslækkandi á nemendur.

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
	Trú á sjálfum sér í námi	Ræða við nemendur um niðurstöður Skólapúls	04/06/2025	. Skólastjóri, . Umsjónakennarar	Í vinnslu	Metið í Skólapúls tvisvar á ári. Metið hjá umsjónarkennurum og skólastjóri 3. janúar 2025 og á starfsdögum í júní 2025.	Trú nemenda á sjálfum sér hækkar í Skólapúlsinum, haust 2024 og vor 2025.
Taka þátt í umbótaverk efni Múlapings um Gæðakennslu. Deild Skólinn Ábyrgð . Skólastjóri	Bæta kennsluna í skólanum.	Umræður á kennarafundum um um helstu niðurstöður úr verkefninu í Múlapingi.	04/06/2025	. Kennarar, . Skólastjóri	Í vinnslu	Með spurningum úr kennarahluta BravoLesson 3. janúar 2025.	

Svið - Stjórnun og fagleg forysta

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Skólaráð - Reglulegir fundir í skólaráði með öllum 9 fulltrúunum og dagskrárgerð Deild Allur skólinn Ábyrgð . Skólastjóri	Búa til drög að dagskrá. Setja inn 4 fundi á skóladagatali. Halda 4 fundi með öllum þeim fulltrúum sem eiga þar að vera.		10/06/2025		Í vinnslu		

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
	Passa að hafa alla fulltrúa sem eiga að vera á fundunum. Búa til starfsáætlun fyrir skólann. Halda reglulega fundi		10/06/2025		Í vinnslu	Með fundargerð	Haldinn var fundur 3. maí 2024 með öllum fulltrúunum.
Útbúa skólanámskrá á á heimasíðu skólans fyrir 1.-5. bekk Deild Allur skólinn Ábyrgð . Innra mats teymi	Útbúa skólanámskrá á á heimasíðu skólans fyrir 1.-5. bekk	Útbúa skólanámskrá á á heimasíðu skólans fyrir 1.-5. bekk	31/01/2025	Elín Sigríður Arnórsdóttir, . Kennarar, . Skólastjóri	Í vinnslu	Skoðað á heimasíðu skólans www.bruaras.is s hvort markmið og leiðir allra kennslugreina sé ekki örugglega inn á listanum. 8. janúar - setti inn námskrá í skólaípróttum og kynjafræði.	Markmið og leiðir við kennslu eru inn á heimasíðu Brúarásskóla (www.bruaras.is).
Útbúa skólanámskrá á á heimasíðu skólans fyrir 6.-8. bekk Deild Allur skólinn Ábyrgð . Innra mats teymi	Útbúa skólanámskrá á á heimasíðu skólans fyrir 6.-8. bekk	Útbúa skólanámskrá á á heimasíðu skólans fyrir 6.-8. bekk	10/06/2025	Elín Sigríður Arnórsdóttir, . Kennarar, . Skólastjóri	Í vinnslu	8. janúar - setti inn námskrá í skólaípróttum og kynjafræði.	
Útbúa skólanámskrá á á heimasíðu skólans fyrir 9.-10. bekk Deild Allur skólinn Ábyrgð . Innra mats teymi	Útbúa skólanámskrá á á heimasíðu skólans fyrir 9.-10. bekk	Útbúa skólanámskrá á á heimasíðu skólans fyrir 9.-10. bekk	10/06/2025	Elín Sigríður Arnórsdóttir	Í vinnslu	8. janúar - setti inn námskrá í skólaípróttum og kynjafræði.	

Forföll og leyfi

Brúarásskóli notar Mentor og í gegnum það forrit geta foreldrar og forráðamenn skráð forföll barna sinna. Ennfremur er sjálfsagt að gera það símleiðis eða í tölvupósti. Sækja verður um leyfi fyrir nemendur til skólastjóra. Viðmiðunarreglur Múlapings vegna skólasóknar nemenda eru kynntar fyrir foreldrum og tengiliður farsældar, umsjónarkennari og skólastjóri vinna út frá þeim.

VIÐMIÐ VEGNA SKÓLASÓKNAR Í GRUNNSKÓLUM MÚLAPINGS

Miða skal við eftirfarandi viðbrögð og styðjast við viðmið um fjölda veikinda- og /eða leyfisdaga við hvert þrep. Mikilvægt er að viðbrögðin séu ávallt skoðuð út frá stöðu hvers nemenda.

- 1. 7 - 9 DAGAR**
Umsjónarkennari upplýsir foreldra um skólasókn nemanda.
- 2. 10 - 15 DAGAR**
Umsjónarkennari boðar til fundar með forsjáraðila. Ástæður fjarvista eru ræddar og mögulegar úrbætur.
- 3. 16 - 20 DAGAR**
Umsjónarkennari boðar til fundar með forsjáraðilum og skólastjórnendum. Vandinn er greindur og úrræði til úrbóta rædd. Gerður er skriflegur samningur til 3 - 4 vikna.
- 4.** Gangi ekki betur á samningstíma er málinu, með samþykki forsjáraðila, vísað í þjónustu Austurlandslíkansins sem er þverfaglegt teymi fjölskyldusviðs, skóla og heilsugæslu. Í teyminu er leitað úrræða með forsjáraðilum og skóla.
- 5.** Náist ekki árangur tilkynnir skólastjóri skólasókn nemanda til barnaverndar.



Múlaping